



REKSTRARSAMNINGUR

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Hestamannafélagið Sörli, kt. 640269-6509, hér eftir nefnt Sörli gera með sér samning um umsjón og rekstur á íþróttasvæði og húsnæði félagsins. Vísað er til annars samnings milli aðila um þjónustu við bæjarbúa.

Umfang samnings

1. gr.

Samningurinn gildir um hluta af rekstri á íþrótt- og útivistasvæðisvæði Sörla, s.s. stökk- og hlaupabrautir, girðingar, reiðskemmu, félagshestshúss, annarra mannvirkja á svæðinu og bílastæðum sem því tengjast. Sörli sér um rekstur svæðanna í samræmi við ákvæði samnings þessa. Aðalstjórn Sörla er ábyrg fyrir rekstri og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri. Framkvæmdastjóri Sörla annast að öllu leyti daglegan rekstur fyrir hönd aðalstjórnar Sörla.

Afnot af íþróttasvæði og húsnæði Sörla

2. gr.

Sörli er heimiluð endurgjaldslaus afnot af og umsjón með íþróttasvæði og húsnæði Sörla eins og nánar greinir í samningi þessum.

3. gr.

Starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar er boðið að nýta fundaraðstöðu Sörla til að halda þemadaga, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef Sörli veitir bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi Sörla. Um slík afnot skal haft samráð við Sörla og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

Rekstur íþróttasvæðis Sörla

4. gr.

Sörli sér að öllu leyti á sinn kostnað um rekstur íþróttasvæðis og húsnæðis félagsins. Hafnarfjarðarbær leggur til framlag til að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði íþróttasvæðis og húsnæði Sörla skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru byggðar á rauntölum úr rekstri liðinna ára.

Greiðslur vegna samningsins skiptast með eftirfarandi hætti:

- Rekstrarframlag vegna orkukostnaðar ásamt öðrum breytilegum rekstrarkostnaði innan og utandyra (sbr. fylgiskjal 1), greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.
- Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstrarframlag) greiðist af Hafnarfjarðabæ og byggist á forgangsröðun verkefna og fjárhagsáætlun ár hvert. Umhverfis- og skipulagssvið í samvinnu við Sörla sér um innkaup að undangengnum verðkönnunum/útboði sem er í samræmi við innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar. Allt stærra viðhald húsnæðis er einnig í umsjón Umhverfis- og skipulagssviðs.



- c. Hlutdeild Hafnarfjarðar í mokstri reiðstíga verður föst upphæð 112.500 kr. fyrir veturinn 2022/2023.
- d. Vegna mönnunar reiðhalla á opnunartíma fyrir barna- og unglíngastarf sem er áætlað um 350 klst. á árinu 2023 greiðir Hafnarfjarðarbær laun að upphæð 1.645.000 kr.
- e. Hlutdeild Hafnarfjarðar í rekstri félagshestshúsi verður um 50% af árlegum rekstrarkostnaði hússins. Hestamannafélagið Sörli skuldbindur sig til að reka hesthúsið og sjá um starfsmannahald sjá nánar í fylgiskjali 2. Árið 2023 verður framlag Hafnarfjarðarbæjar 7.500.000 kr. sem uppfærisk miða við vísitölubreytingar sem fjárhagsáætlun hvers árs ákveður.

5. gr

Aðalstjórn Sörla felur framkvæmdastjóra að sinna skyldum sínum samkvæmt samningi þessum. Sörli skuldbindur sig til að hafa að lágmarki einn starfsmann við störf á íþróttasvæðinu á hverjum tíma meðan starfsemi fyrir börn- og unglínga fer fram. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Framkvæmdastjóri skal starfa í nánú samstarfi við íþrótt- og tómskundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi Sörla brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra íþróttamannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem íþrótt- og tómskundafulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli Sörla og Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur Sörla að þeim ábendingum sem íþrótt- og tómskundafulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Félagshesthús Sörla

6. gr.

Sörli rekur félagshesthús sem er ætlað börnum á aldrinum 9-18 ára. Markmið félagshesthúss er að auðvelda börnum sem hafa ekki aðgang að hestum og hesthúsi aðgang að íþróttinni. Sörli setur sér verklagsreglur um verkefnið þannig að sem flest börn fái tækifæri á að stunda íþróttina. Skipulagt starf í félagshesthúsi er að lágmarki 2 sinnum í viku frá kl. 15:00 til 18:00, 9 mánuði ársins. Í skipulögðu starfi félagshúss skal vera fullorðinn umsjónarmaður á staðnum sem hefur umsjón með starfinu. Einnig geta börn leigt pláss í félagshesthúsi allt árið um kring og sinnt hrossum sínum alla daga ársins. Öll börn geta leitað til umsjónarmanna félagshúss. Hestamannafélagið Sörli auglýsir hið minnsta einu sinni á ári í einhverju bæjarblaði í Hafnarfirði starfsemi félagshesthússins auk þess að hafa á áberandi stað á heimasíðu sinni kynningu um starfið.

Sörli mun bjóða upp á opið hús í félagshesthúsi að lágmarki einu sinni á ári.

Hafnarfjarðarbær mun ekki selja húsnæði félagshesthúss án samráðs við Hestamannafélagið Sörli.

7. gr.



Hafnarfjörður

2003267

Málsnr:

Sörli fær í sinn hlut allar tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og til að bæta þjónustu við félagsmenn og bæjarbúa.

Sörli eða sá sem Sörli veitir umboð sitt er einum heimilt að stunda sölustarf á íþróttasvæðinu og í húsnæði Sörla á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar og með samþykki íþrótt- og tómstundafulltrúa.

Sörla er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta á íþróttasvæðinu og á húsnæði Sörla og skal það gert í fullu samráði við íþrótt- og tómstundafulltrúa og arkitekta.

Fjáröflun Sörla skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

Hafnarfjarðarbær hefur fulla heimild til að merkja íþróttamannvirkin með merki Hafnarfjarðarbæjar, fánum og merkingum heilsubæjarins. Haga skal merkingum þannig að báðir aðilar séu sammála um umfang og staðsetningar þeirra.

Viðhald

8. gr.

Viðhald og rekstur íþróttasvæðis og húsnæðis Sörla skiptist í tvo þætti samanber viðmiðunarreglur Umhverfis- og skipulagssviðs um skiptingu í rekstur og viðhald (sbr. fylgiskjal 1),

- a. Viðhald innan dyra, á lóð og utandyra í umsjón Hafnarfjarðarbæjar
- b. Rekstur á íþróttasvæði og húsnæði innan- og utan dyra í umsjón Sörla

Viðhald/rekstur skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og á þann hátt að starfsemi Sörla verði fyrir sem minnstum truflunum. Lögð er áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

Allt stærra viðhald skal samið sérstaklega um.

Forgangsáætlun um stærra viðhald skal framkvæmdastjóri skila inn til íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forgangsáætlunina mun íþrótt- og tómstundafulltrúi síðan áframsenda til Umhverfis- og skipulagssviðs sem mun stilla upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins.

9. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á íþróttasvæði og fasteignum Sörla er á ábyrgð Sörla og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyfirvalda.

Upplýsingaskylda íþróttafélagsins og viðurlög

10. gr.

Sörla er skylt að halda bókhald vegna rekstrar íþróttasvæðisins sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.



- Sörli skal skila rekstraráætlun til íprótta- og tómstundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert.
- Sörli skal skila árshlutauppgjöri til íprótta- og tómstundafulltrúa fyrir janúar til og með júní 15. september ár hvert.
- Sörli skal skila ársreikningi til íprótta- og tómstundafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

11. gr.

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjölum, frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði Sörli ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. Sörli getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

12. gr.

Telji íprótta- og tómstundafulltrúi að ípróttasvæði Sörla sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði Sörli ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

Ýmislegt

13. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af svæði Sörla, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1: Skipting Umhverfis- og skipulagssviðs í rekstur og viðhald

Fylgiskjal 2: Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur ípróttahúsa

Fylgiskjal 3: Framlag Hafnarfjarðarbæjar vegna rekstrar Sörla 2023

Breytingar á fylgiskjölum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

14. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2022 og gildir til 31. desember 2027 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi fyrri rekstrarsamningur um reiðskemmu og ípróttasvæði Hestamannafélagsins Sörla milli Hafnarfjarðarbæjar og Sörla frá 2017.

15. gr.



Hafnarfjörður

2003267

Málsnr:

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning frá 15. janúar 2019 milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

16. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Hafnarfirði, xx. janúar 2023

Fh. Hestmannafélagsins Sörla Fh. Hafnarfjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki
bæjarstjórnar



Hafnarfjörður

2003267

Málsnr:

Fylgiskjal 1 – Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald hjá stofnunum og íþróttafélögum bæjarins.

Tekið úr „*Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald í stofnunum bæjarins*“ sem var unnin og staðfest af vinnuhópi Fasteignafélags Hafnarfjarðar og fulltrúa grunnskólanna 7. nóv 2007.

Rekstur tilheyrir viðkomandi stofnunum/íþróttafélagi en viðhald Umhverfis- og skipulagssviði.

Stærra viðhald eigna íþróttafélaga/Hafnarfjarðarbæjar fer í hlutfalli eftir eignarhaldi.

Rekstur innan dýra	Viðhald innan dýra
Þrif Ljós og perur – önnur en endurnýjun ljósa Viðgerðir á sírennsli í WC og leki í krönum Lausar innstungur Viðgerðir á hurðalásnum og hurðahúnum Rekstur öryggiskerfa, hitakerfa, loftræstikerfa, vatnsúðunarkerfa og slökkvitækja Rafmagn- rekstrarkostnaður Vatnskerfi- rekstrarkostnaður Frárennsli, s.s. stíflur Viðgerðir á tækjum og búnaði Viðgerðir á húsgögnum, bólstrun o.þ.h.	Málning Gólfefni Loftaefni Fastar innréttingar Allar nýlagnir og endurlagnir á lögnum Öll ný kerfi skv. reglugerð s.s. brunakerfi
Rekstur, lóð og hús utan dýra	Viðhald, lóð og hús utan dýra
Umhirða á gróðri Snjómokstur og hálkuvarnir Sópun lóða Sandur og möl – endurnýjun Lagfæringar á leiktækjum á lóð Viðhald girðinga, s.s. brotnar fjalir og málun Veggjakrot Útiljós: ljós og perur – önnur en endurnýjun ljósa Hreinsun á rennum og niðurföllum Viðhald neta í mörkum Í samvinnu við íþróttafulltrúa rekstur á battavöllum	Málun Viðgerðir á útveggjum Þak, þakkantar og þakrennur Gluggapóstar og gler Heilmálun girðinga Í samvinnu við íþróttafulltrúa viðhald á battavöllum

Stærra viðhald og endurnýjun húsnæðis og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstur stofnunar eða íþróttafélags hér að ofan)

Forstöðumaður skal skila inn forgangsröðuðum verkefnum vegna stærra viðhald og endurnýjunar á húsnæðis og búnaðar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagssviðs (íþróttafélagin skila tillögum til íþrótt- og tómstundafulltrúa) fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári.



Hafnarfjörður

2003267

Málsnr:

Forgangsaætlun íþróttafélaga mun íþrótt- og tómstundafulltrúi áframsenda yfirfarnar til verkefnistjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Eftir að hafa farið yfir innkomnar áætlanir stofnanna og íþróttafélaga mælir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði sér mót við forstöðumann hversrar stofnunar (ásamt umsjónarmanni fasteigna/íþrótt- og tómstundarfulltrúa) og þeir fara á vettvangi saman yfir þau viðhaldsverkefni sem fram koma á áætluninni. Vettvangsskoðun þessi verði eigi síðar en fyrstu viku í október ár hvert vegna undirbúningsvinnu fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Eftir að þessu er lokið gerir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði áætlanir sínar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun og þegar ljóst er hvaða verkefni er mögulegt að vinna á næsta fjárhagsári er haldinn fundur með forstöðumönnum (og umsjónarmönnum fasteigna/íþrótt- og tómstundarfulltrúa) til að upplýsa þá um málið. Þetta verði gert eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Tekið saman/HS 28.10.2015



Hafnarfjörður

2003267

Málsnr:

Fylgiskjal 2 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttamannvirkja- og húsa

1. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
2. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu í október 2002 og samþykktar af Íþróttá- og tómsundanevnd Hafnarfjarðar 07.08.2003.
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003.
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum í Hafnarfirði - 1705047, sem samþykktar voru þann 7. júní 2017 hjá Íþróttá- og tómsundanevnd Hafnarfjarðar
5. Samkomulag um afnot af íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar 1705046 sem samþykktar voru þann 7. júní 2017 hjá Íþróttá- og tómsundanevnd Hafnarfjarðar.
6. Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í Íþróttá- og tómsundanevnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
7. Umgengisreglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar



Hafnarfjörður

2003267

Málsnr:

Fylgiskjal 3 – Rekstrarframlag 2023

Þjónustutekjur	Upphæð
Hafnarfjarðarbær, rekstur mannvirkja	24.510.867 kr
Þjónustusamningur	3.283.784 kr
Samtals	27.794.651 kr

Rekstur félagshesthúss	Upphæð
Hafnarfjarðarbær, 50% hlutdeild	3.666.412 kr
Samtals	3.666.412 kr

Launakostnaður	Upphæð
Laun og launatengd gjöld	1.645.000 kr
Laun vegna félagshesthúss	3.500.000 kr
Þrif	1.250.000 kr
Samtals	6.395.000 kr

Rekstur mannvirkja	Upphæð
Tryggingar	1.550.288 kr
Rafmagn	1.103.870 kr
Hiti	470.768 kr
Fasteignagjöld og lóðarleiga	698.035 kr
Viðhald húsnæðis og valla	3.003.175 kr
Gámaþjónusta	300.318 kr
Þvottur, hreinlætisvörur	373.368 kr
Öryggisgæsla	405.834 kr
Annar rekstrarkostnaður	487.001 kr
Rekstur mannvirkja, #2	56.817 kr
Kostnaður v.Zetor/snjómokstur	852.252 kr
Rekstur félagshesthúss	1.498.466 kr
Samtals	10.800.192 kr

Annar rekstrarkostnaður	Upphæð
Sími	535.701 kr
Sumarnámskeið	892.836 kr
Ritföng	97.400 kr
Heimasíða	105.517 kr
Pappír, prentun	110.387 kr
Heilbr.og mengunarvarnargjald	40.583 kr
Fundakostnaður	487.001 kr



Hafnarfjörður

2003267

Tölvukostnaður	32.467 kr
Áhöld og tæki	243.501 kr
Endurskoðun og reikningsskil	1.103.870 kr
Samtals	3.649.263 kr

Heildargjöld 24.510.867 kr

Málsnr: